

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	2. okt. 2023	Tími:	12:00 – 13:30
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1 og TEAMS			
Fundarstjóri:	HP			
Ritari:	AS			
Á fundinn mættu:	Arnór Snæbjörnsson (AS), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Helga Þórisdóttir (HP), Ingileif Oddsdóttir (IO), Sigríður Kristinsdóttir (SK) og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins			
Fjarverandi:	Ingibjörg Jóhannsdóttir (IJ), Elfa Ýr Gylfadóttir (EYG)			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 2. október 2023

1. Fundargerð stjórnarfundar 4. september 2023

Fundargerð stjórnarfundar 4. september sl. var samþykkt.

2. Aðhaldsaðgerðir og breytingar á stofnanakerfinu

Framhald á umræðum um fyrirhugaðar aðhaldsaðgerðir, en nú þegar fjárlög hafa verið lögð fram liggur fyrir hverjar kröfurnar eru. Félagið óskaði eftir viðbrögðum og ábendingum frá félagsmönnum vegna þessa. Athugasemdir sem félaginu bárust af þessu tilefni vörðuðu t.d. aðhaldskröfu á launalið, forgangsroðun verkefna og mikilvægi samráðs og samtals milli fagráðuneytis og forstöðumanns. Að endingu er það forstöðumaðurinn sem ber ábyrgð á rekstri þeirrar stofnunar sem hann stýrir og sömuleiðis þekkir hann best til hvar í rekstrinum mögulegt er að hagræða og/eða forgangsraða. Sitt sýndist hverjum um það að stjórnvöld miðstýri því hvar beita skuli niðurskurðarhnífnum. Jafnframt komu fram sjónarmið um hvernig stofnanir ættu að hafa burði í að takast á við ný lögbundin verkefni samhliða þessum aðhaldskröfum.

3. Áherslumál stjórnar 2023-2024

Framhald fyrri umræðu. Komið hefur fram hugmynd um að fá utanaðkomandi aðila til þess að greina laga- og starfsumhverfi forstöðumanna hér á landi í samanburði við stöðuna í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. AH mun fylgja því eftir að finna aðila til að taka verkið að sér.

Formaður greindi frá því að hún hefði verið boðuð á fund í forsætisráðuneytinu með starfshópi um hlutverk og starfsskilyrði embættismanna, en starfshópnum er m.a. ætlað að greina þróun embættismannakerfisins og starfsskilyrði

ríkisstarfsmanna hér á landi í samanburði við nágrannalöndin. Komið hefur fram að starf hópsins mun að mestu einskorðast við embættismenn í Stjórnarráðinu, þ.e. réttarstaða forstöðumanna verður ekki til sérstakrar skoðunar.

4. Félagsstarfið

Fundarboð vegna heimsóknar félagsmanna í Kvíkmyndasafn Íslands 10. okt nk. hefur verið sent út.

Ákveðið að boða til félagsfundar við fyrsta mögulega tækifæri til þess að ræða aðhaldsaðgerðir á launalið. Sara Lind Guðbergsdóttir, forstjóri Ríkiskaupa og áður sérfræðingur hjá Kjara- og mannauðssýslu ríkisins, er reiðubúin að deila með forstöðumönnum reynslu sinni af slíkum aðgerðum.

5. Umsókn um styrk

Umsókn félagsmanns um fjárstuðning vegna reksturs dómsmáls með vísan til starfsreglna stjórnar. Umfjöllun dagskrárliðar bókuð í sérstakri bókun með fundargerð.